

Borgarstjórn
30. maí 2017

Tillaga um innleiðingu verkefnisins Opinskátt gegn ofbeldi

Borgarstjórn Reykjavíkurborgar leggur til að verkefnið Opinskátt um ofbeldi verði tekið upp í öllum skólum borgarinnar. Skóla- og frístundasvið geri áætlun um innleiðingu þess í skólunum og sett verði á fót teymi skólum til stuðnings og ráðgjafar. Gengið verði frá innleiðingaráætluninni og teymið stofnað í sumar svo hægt sé að undirbúa verkefnið og innleiða það í einhverjum skólum á næsta skólaári. Í teyminu eigi sæti skólafólk sem tók þátt í tilraunaverkefninu ásamt fulltrúa frá mannréttindaskrifstofu en skrifstofan vann einnig að þessu verkefni. Mannréttindaskrifstofu, sem hefur reynslu af verkefninu Saman gegn ofbeldi, í samstarfi við fjármálastjóra ráðhússins verði falið að vinna kostnaðaráætlun vegna verkefnisins í samráði við skóla- og frístundasvið og velferðarsvið og leggja fram til borgarráðs. Kostnaðaráætlunin taki bæði til þeirra þátta sem snúa að Skóla- og frístundasviði og Barnavernd Reykjavíkur en búast má við aukningu í tilkynningum til Barnaverndar í kjölfar verkefnisins.